Ef skólinn á ekki Íslykil þurfið þið að sækja um hann.

Íslykill lögaðila er fenginn með sama hætti og íslykill einstaklings.
Hér eru leiðbeiningar um hvernig maður fær íslykil og hnappur til að panta hann.

https://www.island.is/islykill/um-islykil/

Leiðbeiningar vegna umsókna til undanþágunefndar fara hér á eftir:

Til þess að geta fyllt út umsókn þurfa skólastjórar að hafa umboð frá skólanum.

Hér eru skrefin sem þarf að fara:

1. Fara á https://www.island.is/
2. Skrá sig inn á „Mínar síður“ með **íslykli** skólans. Þá kemur upp pósthólfssíðan fyrir skólann.
3. Fara í „Stillingar“ uppi í hægra horni. Neðarlega á síðunni er þessi hlekkur:

4. Fara í Veita umboð /breyta umboðum. Þá ferðu inn á síðu umboðskerfisins og ættir að sjá lista með umboðum sem skólinn hefur veitt. Listinn gæti verið tómur
5. Fara fyrir neðan listann, þá sérðu:

6. Hér slærðu inn ÞÍNA kennitölu og ýtir á „tab“. Nafnið þitt ætti þá að koma sjálfkrafa.
7. Þú velur þjónustuveitanda: „Leyfisveitingagátt Þjóðskrá Íslands – umsokn.island.is“
   Velur Umboðshlutverk „Umsækjandi“



8. Velur gildistíma umboðs (fínt er að setja bara 1 ár núna)
9. Ýtir á hnappinn „Bæta við umboði“. **Ath að þetta getur tekið smástund og alls ekki halda áfram fyrr en kennitalan og nafnið er farið út.**
10. Ferð síðan á vefinn Island.is og fyllir út umsókn: https://leyfisvefur.island.is/is/forsida/leyfi/?ProductName=Undanthagunefnd-grunnskola-2

Vinsamlegast hafið samband við Harald Kristinsson, netfang: hak@skra.is ef þið þurfið aðstoð.